



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 03. maí 2021

Efni bréfs: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, (barnaníðsefni, hatursorðræða, mismunun o.fl.)

Vísað er til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar til umboðsmanns barna, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar vegna frumvarps til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, (barnaníðsefni, hatursorðræða, mismunun o.fl.) mál nr. 710.

Umboðsmaður barna er hlynntur þeim breytingum á almennum hegningarlögum sem lagðar eru til í frumvarpi þessu. Í b-lið 1. gr. frumvarpsins er um jákvæða breytingu að ræða en þar er lagt til að við 70. gr. bætist ný málsgrein þar sem kveðið verði á um að það komi til refsilyngingar ef brot sem fellur undir 70. gr. almennra hegningarlaga er framið í nærveru barns sem er yngra en 15 ára en sambærilegt ákvæði er að finna í norskum hegningarlögum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til umtalsverðar og tímabærar breytingar á 210. gr. a sem fjallar um barnaníðsefni. Umboðsmaður barna tekur undir að það sé rökrétt að greint verði á milli brota er snúa að börnum með beinum hætti annars vegar og fullorðnum sem sýndir eru í hlutverki barna hins vegar. Er sú aðgreining vel útfærð í frumvarpinu en þar er lagt til að 2. másl. 1. mgr. núgildandi ákvæðis verði færður og komi þá fyrir í 4. mgr. 210. gr. a., en með þeim hætti verður fjallað um þessi brot í aðskildum málsgreinum.

Þá er í frumvarpinu lagt til að teknað verði út vísanir í að börn séu sýnd á klámfenginn hátt en í núverandi mynd ákvæðisins kemur það fyrir á þremur stöðum. Hér er um þarfa og tímabæra breytingu að ræða. Ef breytingar þessar ná fram að ganga verður einungis notast við hugtakið kynferðislegt og er það eðlilegt þar sem orðið kynferðislegt nær fyllilega yfir þá háttsemi sem um ræðir. Það er mikilvægt að fjarlægja allar vísanir í klám hvað börn varðar enda er um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum að ræða og varhugavert að tengja það óljósu og matskenndu hugtaki líkt og klámi. Af þeirri ástæðu hefði einnig

mátt endurskoða orðalag 210. gr. b. þar sem kveðið er á um refsingar gegn því annars vegar að ráða barn til þátttöku í klámsýningu og hins vegar að sækja slíka sýningu.

Brot er varða framleiðslu og dreifingu barnaníðsefnis eru nú almennt umfangsmeiri, skipulagðari og eftir atvikum grófari en áður. Með þeim breytingum sem lagðar eru fram í frumvarpi þessu verður sérstaklega kveðið á um það í 1. máls. 1. mgr. 210. gr. a að dreifing barnaníðsefnis sé refsiverð. Fram til þessa hefur aðeins komið fram að refsivert sé að afla sér eða öðrum slíks efnis. Í ljósi aukinnar útbreiðslu barnaníðsefnis þar sem slíku efni er dreift til fjölda fólks og jafnvel ótilgreinds fjölda er ákjósanlegt að sérstaklega verði kveðið á um dreifingu, þó ákvæðið taki nú þegar til þeirrar háttsemi að afla öðrum barnaníðsefnis.

Með frumvarpinu er jafnframt lagt til að refsihámark fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. 210. gr. a hækki úr tveimur árum í sex. Með þessum breytingum yrði hámarksrefsing sú sama og í refsilöggjöf Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar. Þá er einnig lagt til að nýju ákvæði, 210. gr c, verði bætt við lögina en þar yrði kveðið á um að unnt sé að hækka refsingu um allt að helming vegna ítrekaðra brota gegn 210. gr. a eða 210. gr. b.

Samkvæmt lögum nr. 19/2013, um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, er Ísland skuldbundið til þess að vernda börn gegn kynferðislegri misnotkun og tryggja rétt barna til lífs og þroska sbr. 34. og 6. gr. Barnasáttmálans. Þá hefur Ísland einnig lögfest valfrjálsa bókun við samninginn um réttindi barnsins um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám en þar kemur meðal annars fram að dreifing barnaníðsefnis skuli gerð refsiverð með videigandi hegningu þar sem tekið sé tillit til alvarleika brots. Þær breytingar sem lagðar eru fram í frumvarpi þessu eru til þess fallnar að auka réttarvernd barna og eru jafnframt í samræmi við ákvæði Barnasáttmálans.

Það er mikilvægt að persónuleg samskipti ungmenna sín á milli verði ekki gerð refsiverð. Að því sögðu er mikilvægt að ákveðin skilyrði verði sett með það að markmiði að vernda friðhelgi barna og veita þeim réttarvernd. Sú leið sem farin er í frumvarpi þessu er til þess fallin að ná því markmiði. Þar er lagt til að í 3. mgr. 210. gr. a komi fram að 1. og 2. mgr. gildi ekki um þann sem býr til, skoðar eða hefur í vörslum sínum efni sem sýni barn 15, 16 eða 17 ára, ef sá sem efnið er af hefur veitt samþykki sitt og báðir aðilar eru á svipuðum aldri og þroskastigi. Þá taki 1. og 2. mgr. ekki heldur til barns 15, 16 eða 17 ára sem miðlar efni af sjálfu sér. Barni á framangreindu aldursbili er því refsilaust að búa til myndefni sem fellur undir 1. mgr. og senda það öðrum einstaklingi. Að sama skapi er móttakanda að uppfylltum sömu skilyrðum refsilaust að varsla og skoða slíkt efni með samþykki þess sem myndefnið er af, enda séu þeir á svipuðum aldri og þroskastigi. Það er grundvallaratriði að um ótvírætt samþykki sé að ræða og að allur vafi verði túlkaður þeim sem myndefnið er af í hag líkt og fram kemur í greinargerð. Þá er mikilvægt að barn geti afturkallað slíkt samþykki hvenær sem er. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir því að 15, 16 og 17 ára barn geti veitt samþykki sitt fyrir því að aðrir sem hafi myndefni af því undir

höndum dreifi efninu áfram til þriðja aðila eða geri það opinbert, t.d. með birtingu á netinu. Er það mikilvægt atriði og rökrétt að slík dreifing, birting og skoðun sé gerð refsiverð skv. 1. og 2. mgr.

Við gerð þessa frumvarps var ekki haft samráð við börn og er það miður í ljósi þess að viðfangsefni þess snertir málefni barna með beinum hætt. Samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans, samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, skulu aðildarríki hans tryggja börnum sem myndað geta eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem þau varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska. Mikilvægur þáttur í að innleiða Barnasáttmálann er að tryggja að hann sé með markvissum og kerfisbundnum hætti hafður að leiðarljósi við alla stefnumótun, lagasetningu og ákvarðanatöku sem varðar börn. Börn eru ekki einsleitur hópur og þess vegna er mikilvægt að haft sé samráð við ólíka hópa barna, hér hefði átt að leitast við að hafa samráð við þau börn sem eru sérstaklega útsett fyrir því að verða fyrir kynferðislegri misnotkun svo sem fötluð börn. Árið 2019 var á vegum umboðsmanns barna settur á stofn sérfræðihópur fatlaðra barna og unglunga, með það að markmiði að skapa rými og tækifæri fyrir fötluð börn og unglunga, til að ræða málefni að eigin vali, og koma með ábendingar byggðar á eigin reynslu og skoðunum. Þar var m.a. rætt um ástæður þess að fatlað fólk sé frekar beitt ofbeldi og töldu þátttakendur að fordómar gegn fötluðu fólki hafi þar mikil áhrif. Einnig kom fram að á meðan fötlunarfordómar fái að viðgangast í samfélaginu telji gerendur sig geta komist upp með að koma illa fram við fatlað fólk. Þá voru þátttakendur sammála um það að ekki sé hlustað nægilega vel á fötluð börn og fatlaða unglunga þegar þau greini frá ofbeldi sem þau hafi verið beitt. Þátttakendur töldu fólk veigra sér við að taka ákvarðanir og afstöðu í málum og fyrir vikið viðgengist ýmislegt sem ekki væri í lagi. Þátttakendur áréttuðu að öllu ofbeldi eigi að taka alvarlega, líka þegar gerendur eru sjálfir með skerðingu og eru jafnvel börn og unglingar. Kynferðisleg áreitni og annað ofbeldi geti átt sér stað hvar sem er, meðal annars í sérúrræðum fyrir fötluð börn og unglunga. Þátttakendur töldu jafnframt að brýnt væri að auka umræðu og fræðslu um ofbeldi. Almennungur þurfi að vera betur upplýstur um algengi ofbeldis gegn fötluðu fólki og helstu birtingarmyndir þess.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna